



Fréttabréf Heiðarskóla

Júní 2015

Ábm. Bryndís Jóna Magnúsdóttir



Viðburðaríkt skólaár

Skólaárinu 2014-2015 mun senn ljúka með skólaslitum föstudaginn 5. júní. Í Heiðarskóla eru tæplega 500 börn og fullorðnir við nám og störf á hverjum skóladegi. Eðli málsins samkvæmt á því ótal margt sér stað í hugum og hjörtum allra þessara einstaklinga á einu skólaári. Sameiginlega deila jafnframt stórir hópar upplifunum af eftirminnilegum viðfangsefnum og viðburðum.

Í ár voru ýmsar hefðir Heiðarskóla í hávegum hafðar eins og útivistardagar, menningarstundir, aðventustundir á sal, upplestrarhátíð 4. bekkjar og upplestrarkeppni 7. bekkjar, árshátíðir, íþróttavika og fleira. Stuttmyndadagar á unglingsstigi voru haldnir í annað sinn og eru því að festa sig í sessi. Jólstofukeppni í 7.-10. bekk fór fram í fyrsta sinn í ár og tókst afar vel.

Í lok maímánaðar voru útiverudagar í 1.-7. bekk þar sem á dagskránni voru m.a. gönguferðir, ratleikir, útileikjahringekjur og flugdrekagerð. Einnig hefur verið farið í bæði stuttar og langar vorferðir og má sjá skemmtilegar myndir úr þeim á heimasíðu skólans. Á heimasíðunni má reyndar finna aragrúa mynda í myndasafni og allar fréttir skólaársins.



Í nóvember var haldið skólaping hér í Heiðarskóla sem bar yfirskriftina Með nesti og nýja skó - horft til framtíðar. Þar fluttu kennarar skólans erindi um áherslupætti í skólastarfi Heiðarskóla og að þeim loknum fóru fram umræður í málstofum. Heppnaðist þessi viðburður afar vel.

Spjaldtölvuvæðingin hefur haldið áfram en þetta árið notuðu allir nemendur í 9. og 10. bekk spjaldtölvur í námi og mun allt unglingsstigið nota þær á næsta skólaári. Langflestir kennarar hafa þar að auki fengið spjaldtölvur til afnota.

Nemendur okkar hafa verið duglegir við að taka þátt í hinum ýmsum grunnskólakeppnum eins og knattspyrnumóti grunnskóla Reykjanesbæjar, spurningakeppninni Gettu enn betur, Boðsundsmóti SSÍ, Stærðfræðikeppni FS, Stóru upplestrarkeppninni og Skólahreysti. Þeir hafa staðið sig prýðilega í þessum ágætu verkefnum og verið sjálfum sér og skólanum til sóma.

Verkefni ársins hafa sannarlega verið krefjandi en ánægjuleg og lærdómsrík. Starfsfólk Heiðarskóla þakkar nemendum og foreldrum fyrir gott samstarf og ánægjulegar stundir á skólaárinu. Það er ósk okkar að þið njótið sumarsins og við hlökkum til að starfa með ykkur á næsta skólaári.



Skólaslit Heiðarskóla

Föstudaginn 5. júní verða skólaslit Heiðarskóla haldin á sal skólans. Foreldrar og forráðamenn eru hjartanlega velkomnir með börnum sínum.

Nemendur mæti til skólaslita sem hér segir:

Kl. 9:00	1., 2. og 3. bekkur
Kl. 10:00	4., 5. og 6. bekkur
Kl. 11:00	7., 8. og 9. bekkur

Útskrift 10. bekkinga

Útskrift 10. bekkinga í Heiðarskóla er kl. 13:30 föstudaginn 5. júní. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að mæta með börnum sínum og eiga ánægjulega stund í skólanum þennan síðasta skóladeig þeirra í grunnskóla.

Boðið verður upp á veitingar að loknum skólaslitum.

Eypór Vilmundur skákmeistari Heiðarskóla 2015!



Föstudaginn 22. maí var hið árlega skákmót Heiðarskóla haldið. 40 nemendur skráðu sig til leiks og var teftt annars vegar milli nemenda í 1. - 4. bekk og hins vegar 5. - 10. bekk. Andrés Kristinn 3. MB og Arnþór Ingi 4. SG voru hlutskarpastir í yngri hópnum og kepptu því í 8 manna úrslitum. Harun, Snorri, Erlingur, Sindri og Eypór, allir í 9. bekk og Sigursteinn í 10. EP unnu allir sinn riðil og komust þar af leiðandi í 8 manna úrslitin. 8 manna úrslitin voru æsispennandi en Harun, Arnþór, Sindri og Eypór sigruðu sínar viðureignir og komust því í undanúrslit. Eftir vel útfærðar og skemmtilegar skákir komust Eypór og Harun í úrslitaviðureignina sem Eypór sigraði að lokum. Eypór Vilmundur Arnarson 9. MÓ er því skákmeistari Heiðarskóla 2015.



Frábær árangur í stærðfræðikeppni grunnskólanemenda!

Stærðfræðikeppni grunnskólanema fór fram í Fjölbautaskóla Suðurnesja þann 13. mars. Nemendur úr 8.-10. bekk í öllum grunnskólum á Suðurnesjum fá að taka þátt í þessari keppni og tóku 10 nemendur úr Heiðarskóla þátt að þessu sinni. Stóðu þeir sig prýðilega vel en Bragi Már Birgisson, sem var að taka þátt í annað sinn, lenti í



1.-2. sæti í flokki nemenda í 9. bekk. Önnur úrslit okkar nemenda voru þessi: Svava Rún Sigurðardóttir, 5. sæti og Elva Margrét Sverrisdóttir í 6.-12. sæti í keppni nemenda í 8. bekk. Magnús Magnússon lenti í 2. sæti og Snædis Glöð Vikarsdóttir í 3. sæti í keppni nemenda í 10. bekk. Við óskum keppendum öllum innilega til hamingju þennan frábæra árangur!



Lið Heiðarskóla stóð sig vel á Boðsundsmóti SSÍ

Þriðjudaginn 21. apríl fór fram Grunnskólamót SSÍ í boðsundi í Ásvalla-laug í Hafnarfirði. Heiðarskóli tefldi fram liðum í aldursflokkunum 11-13 ára og 14-16 ára. Keppt var í 8 x 25 m skriðsundi.

Í flokki nemenda á aldrinum 11-13 ára kepptu Ásta Kamilla Sigurðardóttir, Ástrós Elísa Eypórsdóttir, Guðný Birna Falsdóttir, Jóna Kristín Einarsdóttir, Benedikt Már Helgason, Aron Ingi Guðmundsson, Kristófer Þór Schminky og Andri Sævar Arnarsson. Í þessum aldursflokki tóku 23



lið þátt. Í fyrstu atrennu synti okkar fólk inn í 12 liða úrslit, luku þá keppni og enduðu í 7. sæti.

Í flokki nemenda á aldrinum 14-16 ára kepptu Heiðrún Birta Sveinsdóttir, Þóra Jónsdóttir, Jóna Halla Egilsdóttir, Birna Valgerður Benónýsdóttir, Ingi Þór Ólafsson, Eiríkur Beck, Arnór Sveinsson og Jakub Cezary Jaks. 19 lið tóku þátt og eins og yngra liðið okkar komust þau í 12 liða úrslit og enduðu í 7. sæti.

Sundgarparnir okkar stóðu sig vel og voru sjálfum sér og skólanum til sóma.



Lið Heiðarskóla í 4. sæti í Skólahreysti

Lið Heiðarskóla, skipað þeim Arnóri Sveinssyni, Elmu Rósnýju, Arnóri Breka og Kamillu Sól, keppti til úrslita í Skólahreysti í Laugardalshöll miðvikudaginn 22. apríl. Keppnin var sýnd í beinni útsendingu á RÚV og var mikil stemmning í höllinni. Liðið okkar var dyggilega stutt af stórum hópi nemenda, kennara og fjölskyldumeðlima. Alls tóku tólf skólar þátt í þessari æsispennandi úrslitakeppni. Kamilla Sól kom inn í liðið fyrir Kötlu Rún sem hafði snúið sig á ökkla á æfingu fyrir keppnina. Arnór Sveins hóf keppnina í upphífungum og dýfum, því næst kom að Elmu Rósnýju í armbeygjum og hreystigreip og allra síðast kepptu þau Kamilla og Arnór Breki á móti Holtskælingum í hraðaprautinni. Spennan var þá í algjöru hámarki og gerðu þau sér lítið fyrir og náðu besta tíma úrslitakeppinnar. Þau fóru hringina á 2.06 mínútum og voru aðeins einni sekúndu frá Íslandsmetinu. Frækileg frammistaða og eftirminnileg viðureign svo ekki sé meira sagt!

Liðið endaði í 4. sæti með 47 stig. Við erum ákaflega stolt af frammistöðu okkar fólks og óskum fjórmenningunum og Helenu íþróttakennara og þjálfara liðsins til hamingju með árangurinn.



Skólahreystikeppni 5.-7. bekkja

Miðvikudaginn 6. maí öttu 30 nemendur í 5.-7. bekk kappi í skólahreystiprautum Heiðarskóla. Líf og fjör var í íþróttasalnum og var mikill kraftur bæði í þátttakendum og áhorfendum. Skólamet voru slegin og hvaðeina! Lovísa Björk í 5.HT gerði hvorki meira né minna en 77 armbeygjur og bekkjarsystir hennar Klara Lind gerði sér lítið fyrir og setti met í hreystigreip þegar hún hékk í 5.09 mínútur. Aron Ingi í 6.HT var svo sannarlega með krafta í köggjum en hann gerði 14 upphýingar. Bjarki Freyr í 7.JB var eitilharður þegar hann setti Heiðarskólamet í dýfum með 21 dýfu.

Þau Bartoz í 6.EN og Ingibjörg Birta í 7.JB geystust í gegnum hraðaprautina eins og eldibrandar. Bartoz fór hringinn á slétri mínútu og Ingibjörg Birta var aðeins tveimur sekúndum frá Heiðarskólametinu en hún fór brautina á 53,5 sekúndum. Nemendur úr Skólahreystiliði Heiðarskóla aðstoðuðu Helenu íþróttakennara við framkvæmd og skipulag keppinnar. Mikill áhugi er fyrir Skólahreysti meðal yngri nemenda skólans og ljóst er að árangur Skólahreystiliða okkar undanfarin ár hefur vakið áhuga og ýtt undir metnað þeirra yngri.



Sungið við raust!

Fimmtudaginn 30. apríl fóru allir nemendur skólans á sal til að taka þátt í sumarsöng í þremur hollum. Guðmundur tónmenntakennari stýrði söngstundunum og spilaði undir á píanó eins og honum einum er lagið. Löggin sem sungin voru tengdust öll á einn eða annan hátt vorinu og sumarkomu, s.s. Lóan er komin, Maístjarnan og Vikivaki. Þakið ætlaði nánast af húsinu þegar skellt var í í síðasta skiptið með Frikkka Dór. Eurovision er auðvitað einn vorboðanna, eins og allir vita!



Uppbyggingarstefnan í brennidepli á samskiptadegi

Á samskiptadegi þann 13. maí var uppeldisstefnan sem unnið er eftir í Heiðarskóla, Uppeldi til ábyrgðar, í brennidepli. Umsjónarkennarar kynntu stuttlega þann þátt hennar sem snýr að þörfum einstaklinga og sjálfstjórn fyrir foreldrum en að því loknu unnu foreldrar verkefni í anda stefnunnar með börnum sínum.



90.000 kr söfnuðust á styrktarsýningu

Þriðjudaginn 21. apríl var sérstök styrktarsýning á leikritinu Öskubusku sem nemendur í 9. og 10. bekk sýndu á sal skólans í mars og apríl. Leikarahópurinn sjálfur lagði það til við leikstjórana sína að láta ágóðann af aukasýningu renna til Krabbameinsfélags Suðurnesja. Fullur salur fólks á öllum aldri skemmti sér á þessari lokasýningu. Þær Margrét Eðvaldsdóttir, Þórey Garðarsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir starfsmenn Heiðarskóla, sáu um að selja veitingar og var ágóðinn einnig hluti af styrktarfénu. Alls söfnuðust um 90.000 kr. sem afhentar voru að sýningu lokinni. Krakkarnir voru að vonum glaðir og ákaflega stoltir yfir þessu góða framtaki sínu. Þeir eiga sannarlega hrós skilið og skólinn er þeim og leikstjórum þeirra afar þakklátur fyrir vandaðar og skemmtilegar leiksýningar.



Fréttir 2024 er stuttmynd ársins



Stuttmyndadagar unglíngastígs stóðu yfir dagana 7.-10. apríl. Var þetta í annað sinn sem stuttmyndadagar eru haldnir í Heiðarskóla. Framtíðin var þemað í ár og áttu myndböndin að vera 3 mínútur að lengd. Ákveðin skilyrði voru sett að þessu sinni, t.d. að allir hópmeðlimir áttu að koma fram í myndbandinu, hluta myndbandsins átti að taka upp utandyra og á einhverjum tímamarki átti einhver leikaranna að tala dönsku og segja orð eins og doðrantur, skrambinn og naflakusk. Nemendur voru áhugasamir og fljótir að sökkva sér í vinnu. Á föstudeginum komu allir nemendur á unglíngastígi saman á sal þar sem 11 myndbönd voru sýnd. Að sýningu lokinni fór í fyrsta sinn fram atkvæðagreiðsla þar sem nemendur völdu stuttmynd

ársins. Hópurinn sem gerði myndbandið Fréttir 2024 bar sigur úr bítum og tóku krakkarnir glaðir við stuttmyndabikarnum góða.



Dansað og sungið fyrir hr. Ólaf Ragnar Grímsson

Í byrjun nóvember s.l. fóru starfsmenn Heiðarskóla í skoðunarferð að Bessastöðum. Forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson tók höfðinglega á móti hópnunum og sagði m.a. frá sögu hússins og umhverfinu. Hann sagði frá Skansinum og kom fram í máli hans að hann hafði orðið var við að börn og unglingar virtust ekki kunna lengur vísurnar um Óla Skans og ekki heldur dansinn. Starfsmenn Heiðarskóla tóku undir þetta með honum og sögðu að bragabót skyldi gerð á þessu.

Það var auðvitað ekkert annað í boði en að starfsmannahópurinn stæði við orð sín! Síðustu skóladagarnir voru því nýttir til þess að kenna nemendum að syngja vísurnar um Óla Skans og að sjálfsgöðu einnig að stíga dansinn.

Mánudaginn 1. júní var svo fjölmennt í íþróttasalinn þar sem okkar myndarlegi nemendahópur gerði gott betur en að syngja og dansa Óla Skans. Raddböndin voru einnig þannig í lagi Friðriks Dórs, Í síðasta skiptið, og skólasöngnum auk þess að nemendur fóru létt með nokkur kántrídansspor.

Við þetta tilefni heiðraði forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson okkur með nærveru sinni og átti þessa skemmtilegu stund með nemendum. Hann kvað sér máls eftir að Stella Björk Einarsdóttir, formaður nemendaráðsins, þakkaði virðulegum forseta fyrir komuna. Hann lýsti yfir ánægju sinni með tilþrif nemenda og kvað þess fullviss að við þetta tilefni hefði Íslandsmet verið slegið í Óla Skans. Hann færði nemendum góða kveðju frá Dorrit sem átti að lenda stuttu síðar á Keflavíkurlflugvelli. Nemendur kunnu vel að meta heimsókn forsetans. Þeir voru til fyrirmyndar og stóðu sig með glæsibrag. Fleiri góðir gestir nutu stundarinnar með okkur og má þar nefna Kjartan Má Kjartansson, bæjarstjóra og Helga Arnarson, fræðslustjóra auk fleiri starfsmanna fræðsluskrifstofu og menningarsviðs Reykjanesbæjar. Einstaklega ánægjulegt var að fá ömmur og afa í heimsókn svo og foreldra.




Guðný Kristjánsdóttir annaðist viðburðarstjórnunina og Esther Nielsdóttir kenndi nemendum dansinn og stýrði honum vel í íþróttasalnum. Elín Gunnarsdóttir kom að kántríðanskennslu og aðstoðaði við stjórnun í sal. Guðmundur Hermannsson spilaði undir og stýrði söngnum eins og honum einum er lagið og aðstoðarfólk hans úr 10. bekk þau Arnór Breki Atlason, Emilíana Wing, Katla Rún Garðarsdóttir og Nína Björk Gunnarsdóttir sungu af mikilli snilld. Nemendur allir, kennarar og starfsfólk lögðust á eitt við að láta þennan viðburð verða skemmtilegan og vafalaust einnig eftirminnilegan.





✓ Hinir árlegu og sívinsælu Heiðarleikar fóru ✓
✓ fram miðvikudaginn 3. júní og var það ✓
✓ síðasti kennsludagur skólaársins. Skipulag ✓
✓ Heiðarleikanna var með nokkuð ✓
✓ hefðbundnu sniði en margar nýjar þrautir ✓
✓ voru á boðstólnum og vöktu þær mikla ✓
✓ lukku. Um bekkjarkeppni er að ræða þar ✓
✓ sem bekkjarfélagar skipta með sér ✓
✓ þrautum og fá stig fyrir frammistöðuna. ✓
✓ 1.-4. bekkir keppa á móti hverjum öðrum, ✓
✓ 5.-7. bekkir og 8.-10. bekkir. Mikil ✓
✓ stemmning ríkti í húsinu og bárust ✓
✓ hvatningaróp og trommusláttur úr öllum ✓
✓ áttum. Urslitin urðu á þá leið að í keppni ✓
✓ 1.-4. bekkja bar 3.MB sigur úr bítum, 7.AÓ ✓
✓ vann keppni 5.-7. bekkja og 10.ÞE sigraði ✓
✓ keppni 8.-10. bekkja. ✓



Sumarlestur



Nú stýttist óðum í sumarfrí og nemendur Heiðarskóla orðnir spenntir fyrir því sem sumarið hefur upp á að bjóða. Þeir hafa verið duglegir að lesa í vetur og margir hverjir bætt lestrarhraða sinn og -skilning heilmikið. Lestur krefst þjálfunar og því gerist það oft að nemendum fer aftur í lestri yfir sumartímann þegar bókunum er ýtt til hliðar. Mikilvægt er því að halda sér í æfingu og lesa reglulega í sumarfríinu. Bókaúrvalið á Bókasafni Reykjanesbæjar er eins og best verður á kosið og tekur starfsfólk þess vel á móti ungum lestrarhestum. Bókasafnið stendur fyrir hinum árlega sumarlestri en í ár er boðið upp á bráðskemmtilegt lestrarbingó. Eins og undanfarin ár geta börn skráð sumarlestrarbækur í þar til gerða bókaskrá. Það er heldur ekki úr vega að kanna hvaða bókagersemar leynast í bókahillunum heima.